

# VEIÐIMÁLASTOFNUNIN



Pórir Dan Jónsson.

Tilbúnað veiðistaðir í Langá  
á Mýrum, tillögur.

15 maí 1983.

Veiðimálastofnunin, Borgarnesi

Tilbúnir veiðistaðir í Langá á Mýrum, tillögur.

Á aðalfundi Veiðifélags Langár, laugardaginn 30 apríl 1977 var tillaga um tilbúning veiðistaða samþykkt. Fylgir ljósrit af þeirri tillögu með þessari greinagerð (fylgirit I), en Árni Ísaksson fiskifr. Vífill Oddsson og Jóhannes Guðmundsson höfðu árið áður skoðað ána með tilliti til gerð veiðistaða. Ljósrit af tillögunum fylgir einnig þessari greinagerð (fylgirit II). Þann 8/7 1983 fór undirritaður ásamt nefndarmönnum (sjá fylgirit I) upp með Langá. Ennfremur mættu Hafsteinn Sigurðsson, Ingvi Hrafn, Pétur Snæland og Halldór Snæland á vegum Stangarholts og Litla Fjalls. Að höfðu samráði við nefndarmenn og viðkomandi landareigendur hef ég gert tillögur um lagfæringar og/eða gerð tilbúinna veiðistaða. Greint verður frá þessum tillögum hér á eftir.

Sumsstaðar leiða tillögurnar til þess að áin er þrengd við annan bakkann. Til þess að tillögurnar fái st. samþykktar þurfa því að liggja fyrir skriflegar og vottfestar yfirlýsingar af hálfu landareigenda um að þrenging árfarvegsins breyti í engu gagnkvæmum veiðirétti hlutaðeigandi jarða í ánni.

Víða verða T-steinsteypubitar notaðir samkv. tillögunum, en lengd þeirra er u.þ.b. 5-6 m. og hæðir 60 cm. T-bitana þarf að hylja með stóru grjóti svo að þeir verði ekki til lýta.

Verður byrjað á efsta veiðistaðnum og síðan haldið niður eftir ánni.

### 1. Neðan við "Jósef" í landi Grenja og Litla Fjalls (mynd 1)

Áin rennur nokkuð dreifð. Vegna klappar í botni við austurbakkann sveigir áin að vesturbakkanum og garður sem gerður var á milli tveggja hólma gefur sig sífellt.

Svo að takist megí að halda ánni við vesturbakkann þarf að sprengja U.þ.b. 15 m. langa rennu, 6-8 m. breiða, í klöppina. Garðinn á milli hólmana yrði að byggja úr T-steypubítum og stórgrýti þar á bak við.

### 2. "Hólsbreiðan" fyrir landi Grenja og Litla Fjalls (mynd 2)

Áður en Hólsbreiðan var búin til rann áin mjög dreifð á því svæði, og gæti lax hafa átt í erfiðleikum með að komast upp eftir ánni þar. Áin hefur nokkra tilhneigingu til að renna að vesturbakkanum og rjúfa skar í garðinn, og það gæti því reynst erfitt að "halda" ánni við austurbakkann. Í ljósi þess að Hólsbreiðan er einn besti veiðistaðurinn fyrir landi Grenja og Litla Fjalls er þó reynandi að gera Hólsbreiðuna sem varanlegasta, og er þá eftirfarandi nauðsynlegt.

Þrír varnargarðar verða settir skáhallt út í ána út frá garðinum. Í skarðið í garðinum yrðu T-steypubítar og stórgrýti þar á bak við. E.t.v. gæti þurft að styrkja garðinn annarsstaðar með "vírnetspulsu".


### 3. "Kistan" í landi Grenja og Litla Fjalls. (mynd 3).

"Kistan er nú ónýtt eftir flóðin. U.þ.b. 200 m. ofar er áin þrengri en þar sem Kistan var áður, og bakkarnir beggja vegna eru mun traustari þar. Tillögu um að flytja Kistuna þangað líst mér allvel á.


Frá austurbakkanum lögju tveir til þrír T-bítar u.þ.b. 45° upp í strauminn. Fyrir framan þá yrði fyllt upp með blönduðu grjóti (5-40 cm. í þvermál.). Þessir garðar yrðu um 50-60 cm. háir og gæti vatn runnið yfir þá í flóðum.

T-steypubítar mynduðu síðan þvergarð yfir ána.


Mynd 1. NEDA VIÐ "JÓSEF" Í LANDI GRENJA OG LITLA FJALLS.



Mynd 2. HÓLSBREIÐA FYRIR LANDI GRENJA OG LITLA-FALLS



Mynd 3 "Kista" í Landi Grenja og Litla Fjalls.



4. Veiðistaðir A,B og C í landi Stangarholts. (mynd 4).

Veiðistaðir A,B og C eru nú ónýtir og verða þeir lagðir niður. S.l. sumar rifnuðu skörð í garðinn sem þrengir árfarveginn, bæði á veiðistöðum A og B. Nú rennur meirihluti árinna í gegnum skarðið við veiðistað A. Eins og áin rennur núna eru líklegir náttúrulegir veiðistaðir við vesturbakkann og að auki hefur straumlagið í Hreimsáskvörn breyst og er hugsanlegt að kvörnin verði jafn góður veiðistaður og hún var fyrir nokkrum árum. Straumstýrigarð þarf að gera skammt fyrir ofan skarðið við A. Yrði hann gerður úr T-steypubítum. Til styrktar yrði eitthverju af grjótinu sem mynduðu þvergarðana í A,B og C sett á bak við garðinn. Það grjót sem gengur af úr þvergörðunum yrði þá sett í bakkann á malargarðinum til styrktar honum.

5. Veiðistaður F í landi Stangarholts og Hvítsstaða (mynd 5).

Mynd 5 sýnir uppdrátt af veiðistað F en hann er óskemmdur eftir veturinn. Engar lagfæringar þarf að gera á honum í sumar.


6. Veiðistaður J í landi Stangarholts og Hvítsstaða. (mynd 6).

Á mynd 6 er veiðistaður J dreginn upp. Hann hefur ekki skemmst í vetur. Þegar veiðistaður J var gerður hefur vesturkvíslinni verið lokað. Hefur þessa veiðistaðar verið getið áður í umsögnum mínum. T.d. sem ýtuvinna 2 í umsögn minni frá 8 júlí 1979. Garðurinn sem lokaði vesturkvíslinni hefur eitthvað gefið sig og rennur vatn nú í vesturkvíslinni. Þó er óvíst hvort vatn renni í henni þegar lítið vatn er í Langá.

Ég tel heppilegt að eiga ekkert við veiðistaðinn í ár. enda er garðurinn sem þrengir ána nokkuð gróinn og virðist vera alltraustur.

Mynd 4.


FYRRVERANDI VEIÐISTADIR A, B OG C Í  
LANDI STANGARHOLTS. ÞEIR VERÐA LAGÐIR NIÐUR  
OG BRJÓTID Í ÞVERGÖRDUNUM NOTAD 'A' BAK VIÐ  
STRAMBRJÓTNA, EN T-STEYPUÐITAR VERÐA NOTADIR E HA





Mynd 5.


VEIÐI STAÐUR F Í LANDI STANGARHOLTS OG  
HVÍTSSTAÐA.



Mynd 6.

VEIÐISTADUR Í LANDI STANGARHOLTS.

ÞVREÐIÐ VESTURKÍÐ



## 7. "Túnkvörn" efst í landi Anabrekku og Langárfoss (mynd 7).

Við Álfgerðarholtstún skiptir áin sér í þrjár kvíslar. Í austurkvíslinn er Túnkvörninn. Miðkvíslin rennur yfir hólmann og skiptir honum í tvennt. Laus malarbotn er í miðkvíslinni og hvorki uppeldisskilyrði né hrygningarskilyrði geta talist góð þar. Með lokun þeirrar kvíslar ykist vatnsmagnið í hinum kvíslunum. Ég tel heppilegt að nota "vínnetspulsur" til að loka miðkvíslinni. Á bak við pulsuna yrði að setja u.þ.b. 1.5. m háan malrgarð.

## 8. Neðan Glanna. (mynd 8).

Fyrir neðan Glanna skiptir áin sér í tvennt, austur- og vesturkvísl. Í vesturkvíslinni eru nokkrir veiðistaðir. Til að beina meira vatnsrennsli í vesturkvíslina hefur garður verið gerður úr hólmanum út í austurkvíslina. Garðurinn er nú ónýtur. Mjög erfitt getur orðið að gera garð þennan svo rambyggilegan að hann standist öll flóð. Ég tel eðnnig staðsetningu hans óheppilega því talsverður halli er á ánni þar sem hann var og straumhraði meiri en ef hann hefði verið ogar.

Ég tel rétt að falla frá hugmyndum um garð, en mynda í staðinn "þröskuld" á þann hátt að botninn verði "klæddur" með sprengdu grjóti. Myndast þá jafnframt ákjósanleg uppeldisskilyrði fyrir laxaseiði.

Allan árbotninn á u.þ.b. 10 metra löngum kafla þarf að klæða ca. 40-50 cm. þykku lagi af sprengdu grjóti, sem hvergi stendur þó upp úr í meðalrennsli. Með þessu móti myndast viss fyrirstaða fyrir vatnið. Best er að klæða botninn efst við eyrina. Þar er lítill sem enginn halli á ánni og straumpungi því minni þar en ef botninn væri klæddur neðar í hólmanum sjálfum má þá ýta upp garði, en efnið yrði að taka úr hólmanum.

Í vetur hefur áin borið mikla möl í kjaft vesturkvíslarinnar. Til að auðvelda ánni að renna í vesturkvíslinni var það samdóma álit nefndarmanna að ýta þurfi svo sem tveimur "sköfum" til þess að fjarlægja þá möl sem í vetur hefur komið.


Ef "þröskuldurinn" virkar sem skyldi ætti straumlagið að breytast og áin ætti að leita meira í vesturkvíslina. Áin ætti þá að geta hreinsað mölina, en vart er þó að búast við því að það gerist fyrr en næsta haust eða vetur.

Í ljósi þess að skemmdir verða nánast engar við þessar ýtingar get ég ekki verið mótfallin þeim sem lausn fyrir sumarið í sumar, enda ættu þær að verða óþarfar eftir það.

Mynd 7.


TÚNKVÖRN.

EFST Í LANDI ANABREKKU OG  
LANGÁRFÖSS



Mynd 8.

NEDAN GLANNA



VESTURKVÍBL

GRJÓTGARÐUR

HÓLMI

"KLEÐNING" Á BOTNI  
ÚR SPRENGDU GRJÓTI.  
ÞYKKT CA. 40-50m. OG  
LENGD U.P.L. 10m.

AUSTURBAKKI


Grjótburður í ár er oft kostnaðarlítill aðgerð og má á þann hátt oft mynda veiðistaði og ennfremur þjónar grjótið sem fylgsni fyrir stór laxaseiði. Það er þó ekki sama hvernig grjótið er sett í ána. Verður þá að taka tillit til margra þátta, svo sem straumlags og botngerðar. Auk þess verður að gæta þess að bakkar séu einnig traustir ef grjótið er sett nærri landi svo ekki skapist landrof af völdum þess. Þá ber að varast að setja grjót í góða veiðistaði því slíkt getur spillt þeim.

Fyrir landi Jarðlungsstaða voru í fyrra sett stórgrýti á einum fjórum stöðum í ánni. Grjótið var sett neðarlega í strengi þar sem botn var skjóllítill fyrir. Að því er best verður séð hefur grjótið lítið sem ekkert hreifst í vetur.


Lauslegar skyssur af þessum stöðum eru sýndar hér á eftir.

P.s. Skammt fyrir ofan Sjávarfoss hefur áin hlaðið upp malareyri s.l.vetur og gætu náttúrulegir veiðistaðir sem þarna eru hafa spillst eitthvað. Ástðulaust er að óttast um seiði þó farið sé með ýtu í ána á þessum stað því einungis klöpp var í botni og örstuð til sjávar. Það getur þó orðið erfitt að ýta burt eyrinni og kannski er það tilgangslaust. Mér þykir ráðlegt að doka við í eitt ár og sjá hvort veiðistaðirnir hafi spillst og eins hvort áin nái ekki að bera mölina til sjávar á þessu eina ári.


FYRIR OFAN KRÍUTANGA (VEIÐISTADUR 10), EN NEDAN VÍÐ  
HVIÐSSTADAHYL.




FYRIR NEDAN NEDRI KRÍUTANGA. (VEIÐISTADUR 9).



NEDAN VIÐ JARÐLANGSSTAÐAKVÖRN (VEIÐISTAÐUR NR. 7).



HÁHÓLSKVÖRN (VEIÐISTAÐUR NR. 3)





# FYLGIRIT 1.

Tillaga samþykkt á aðalfundi Veiðifélags Langár  
laugardaginn 30. apríl 1977.

" Til að fyrribyggja að rótað sé í ánni með þungum  
verkfærum á hverju ári til skaða fyrir laxastofn  
árinna, samþykkja félagar eftirfarandi:

Jarðeigendur fú leyfi til að gera 1 varanlegan  
veiðistað fyrir 1 1/2 km. af ánni þ.e. varanlega  
hliðargarða með þverruðningi, sem myndar uppistöðu.  
Til eftirlits með þessum framkvæmdum kýs félagið  
þja manna nefnd og skal meirihluti nefndarinnar  
vera viðstaddur þegar unnið er í ánni. - Eigendur  
skulu bera allan kostnað af framkvæmdum fyrir sínum  
löndum.

Nefndin skal einnig leggja fram tillögur um  
lagfæringar á gönguleiðum í ánni.

Einstökum jarðeigendum er einnig heimilt undir  
eftirliti nefndar að lagfæra upphaflega veiðistaði  
í ánni þ.e. eldri en 15 ára, sem liggja undir skemmdum.

Allar ofangreindar breytingar á ánni skal bera  
undir veiðimálastjóra, áður en framkvæmdir hefjast."

Nefndin: Jóhannes Guðmundsson,  
Helgi á Valshamri.  
Vífill Oddsson.


FYLGIRIT 2

Stodum 8576  
A.J., U.A. J.G.

Langá á Nýrum.



Ofan við Glanna í landi  
Ánabrekku og Langartess.




Nýr garður  
til á veita  
meira vatni í  
cystri kvíslina.

Langa á Myrum

↓ N

Túndur erst í Landi Anabrekku og hangarfoss.



Yta sandeyrnin  
up á eystri bakki.

Nyr gar  
til áð fá  
meira ren  
í eystri k

A. J., U. O. og J. G.

Langa á Myrum

↓ N

Jarlanesskadvöm i landi Jarlaness-  
staða og Hvítstaða.




Nýr grjötgarður til  
að fá meira rennst  
upp að eyshi bakkan

Stöðun E-5  
V.O. 7 J.G.  
A. 1  
↓ N.

(4)

Kanji á Myrum.

Nedán við Jósef í landi Greyna  
og Hvítsskiðlaflalls



Nýr grjótgærdur til  
að fá rennstíð meir  
upp að eyfri lalila

þannig myndu  
það ekki séna  
dreift

111 0111 0 60  
↑ ↑

Handwritten notes at the top of the page, possibly including a date or reference number.

Áuk ádurmetnað glæða er talið  
æskilegt, að gæddar ofan við Hremsaskvám  
í landi Stangarholts og Grenja verði gerðir  
varanlegri, t. d. með þvi að nota meira  
stórgríti í þá eða með þvi að hækka  
þá.

Ekki var talið æskilegt að hreifa  
veitt við Hremsaskvám.

Skammt ofan við Braðrasel mátti  
þranga ána líkdeitt með grjótyrði og  
fá þannig veidistad.

Við Hádegishól þarf að ádurbate gerð  
(eða áu skerd). Í þessu <sup>á milli</sup> <sup>á milli</sup> <sup>á milli</sup>

Næðan við Malsenda mátti loka  
með þokashifu þannig að meira renni  
fengist í eystru kvíslum.

Samundöma álot skodunarmanna var  
að gera öttu allar braykuzar sem varan-  
legar og vinna þær helst með byote-  
skotum eða kúrum.

Þ. 21-5-76  
U. O.